



HRAFNISTA

Reykjavík | Hafnarfjörður | Kópavogur

Velkomin í hvíldarinnlögn Hrafnistu Reykjavík

Vinsamlegast athugið að um skammtímadvöl er að ræða í 4 – 6 vikur.

Herbergið er staðsett á dvalarheimili Hrafnistu.

Dvalargestum í hvíldarrýmum er velkomið að nýta sér alla almenna þjónustu Hrafnistu og taka þátt í félagsstarfi og viðburðum sem í boði eru fyrir heimilisfólk. Samskiptafulltrúi tekur á móti dvalargestum og er þeim til halds og trausts. Hann kynnir fyrir viðkomandi þá þjónustu sem í boði er og veitir félagslegan stuðning og hvatningu. Aðstandendur, jafnt sem heimilisfólk, geta leitað til samskiptafulltrúa. **Samskiptafulltrúi Hrafnistu í Reykjavík er Ruth Árnadóttir sími 585 9462, gsm 693 9562, netfang ruth@hrafnista.is**

Mikilvægt er að láta vita af fyrirhuguðum læknisrannsóknum, aðgerðum og/eða lyfjaendurnýjun

Í hvíldarinnlögnina er æskilegt er að hafa með sér:

- Lyf og lyfjakort
- Inniskó
- Snyrtivörur (sjampó, tannkrem, rakvél, raksápu)
- Innifatnað (föt til skiptanna), náttföt og nærföt
- Útiföt
- Létt teppi

Hér á eftir eru nokkrar hagnýtar upplýsingar:

Fatnaður/þvottur

Aðstandendur annast þvott/hreinsun á persónulegum fötum dvalargesta. Vinsamlegast merkið fatnað og hjálpartæki (hægt er að nota fatatússpenna), því ef upp koma óhöpp verður þvegið á deildinni.

Sæng, koddar og sængurföt eru lögð til af Hrafnistu, nema annars sé óskað, sömuleiðis rúmföt og handklæði.

Lyf

Dvalargestir eru beðnir um að koma með eigin lyf eða lyfjarúllur sem þegar hafa verið skömmtuð og fá samsvarandi lyfjaskammta með sér heim að dvöl lokinni. Þetta á einnig við um augndropa og innúðalyf. Athugið að hafa lyfjakort meðferðis.

Hjálpartæki

Dvalargestir koma með göngugrindur, hjólastóla og önnur þau hjálpartæki sem eru nauðsynleg. Bleiur eru útvegaðar á deildinni.

Reykingar

Athugið að reykingar eru ekki leyfðar á herbergjum.



Matatímar

- Morgunmatur 8:30 – 9:00
- Hádegismatur 11:30 – 12:00
- Kaffi 14:30- 15:15
- Kvöldmatur 17:20 – 18:30



Ísskápur er á herberginu.

Heimsóknagestir eru velkomnir allan daginn, við viljum biðja aðstandendur um að sýna tilitsemi á matartímum því flestum er mikilvægt að þá sé ró og friður. Húsið er læst frá kl. 22:00 til 07:00 en vaktmaður sér um að opna fyrir þeim sem koma á þeim tíma. Af öryggisástæðum þarf að tilkynna hjúkrunarfræðingi á vakt um fjarveru.

Önnur þjónusta á Hrafnistu er m.a.:

- Hjúkrunar-/læknisþjónusta
- Endurhæfing- sundlaug- íþróttir
- Iðjuþjálfun
- Vinnustofa/virkni
- Prestþjónusta
- Fót- og snyrtiþjónusta
- Hársnyrting/hárgreiðsla
- Púttvöllur
- Boccia
- Verslun
- Banki
- Ofl.

Nánari upplýsingar veitir samskiptafulltrúi Hrafnistu.

Símanúmer og netföng:

Margrét Albertsdóttir
Félagsráðgjafi
Netfang: margret.albertsdottir@hrafnista.is
Sími 585-9500

Ruth Árnadóttir samskiptafulltrúi
sími 585 9462 gsm 693-9562
netfang ruth@hrafnista.is

Hrafnista í Reykjavík
Laugarási
104 Reykjavík
Sími 585 9500
www.hrafnista.is

Við vonum að dvöl þín verði ánægjuleg

**Bestu kveðjur
Starfsfólk Hrafnistu**

